



Skaftárhreppur  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubæjarklaustri

Sent í tölvupósti á: bygg@klaustur.is

*Reykjavík, 3. janúar 2022*

## Umsögn um vinnslutillögu vegna nýs aðalskipulags Skaftárhrepps 2019-2031

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér vinnslutillögu vegna nýs aðalskipulags Skaftárhrepps. Vinnslutillagan er yfirgripsmikið og gagnlegt skjal og góður grunnur að vinnu við gerð aðalskipulags og hún nær til fjölmargra þátta í starfsemi sveitarfélagsins. Stjórnin hefur jafnframt verulega áhyggjur af nokkrum afar mikilvægum stefnumarkandi atriðum sem koma fram í drögunum og hvetur sveitarfélagið til að endurskoða afstöðu sína til þeirra. Hér á eftir fara nokkrar ábendingar og athugasemdir sem eru þó ekki tæmandi.

### Almennar athugasemdir

Skaftárhreppur býr fyrir gríðarlega mikið af óspilltri og verðmætri náttúru og mikilvægasta atvinnugrein sveitafélagsins, ferðapjónustan, byggir á því ríkidæmi. Ferðamenn koma ekki í Skaftárhrepp til að gista á hóteli, skoða virkjanir eða keyra á vegum. Þeir koma til að skoða einstæða óspillta náttúru. Í þessu ljósi saknar stjórn Landverndar áherslu á náttúruvernd sem gegnumgangandi stef í áformuðu aðalskipulagi þar sem náttúrinni er skipaður sá sess sem þessi staðreynd gefur tilefni til. Mjög jákvætt er að sveitfélagið fyrirhugar hverfisvernd fyrir mörg svæði, en Landvernd hefði viljað sjá aukna áherslu á á hefðbundar friðlýsingar sem veita mun betri og skýrari vernd og aukna áherslu á stækkun Vatnajökulspjóðgarðs og eflingu Kötlu jarðvangs. Stjórn Landverndar hvetur sveitarfélagið til að skoða með jákvæðum huga hvort ekki megi stækka mörk Vatnajökulspjóðgarðs svo hann nái til svæða á miðhálandinu sem í dag njóta hverfisverndar (bls. 106).

Stjórn Landverndar varar við því að opna á orkuvinnslu í sveitafélaginu eins og gert er í vinnslutillögu aðalskipulags. Með því yrðu fest í sessi óafturkræf virkjunaráform eins og vindorkuver, virkjun Skaftár í Skaftárdal og virkjun Hverfisfljóts við Hnútu. Sveitastjórn Skaftárhrepps hefur ekki sýnt fram á hvaða **brýnu almannahagsmunir** liggja að baki áformum um orkuuppbyggingu í sveitafélaginu.

Afhendingaröryggi á raforku á svæðinu verður innan tíðar með því besta sem gerist á landinu þegar nýtt tengivirki við Hnappavelli kemst í gagnið. Þá eru áform um

endurnýjun á tengivirkinu við Prestbakka. Því telur Landvernd að orkuvinnsla í Skaftárhreppi algjörlega óþarft rask og í mótsögn við yfirlýst markmið sveitafélagsins um vernd náttúru og umhverfis. Frekar skuli sveitarfélagið stuðla að bættu raforkudreifikerfi sem nú þegar er til staðar og leita betri leiða í sátt við náttúru og samfélag.

Miklu vænlegra, sjálfbærara og varanlegra væri að halda áfram því góða starfi sem Skaftárhreppur hefur verið í um frampróun samfélagsins í sátt við náttúru Skaftárhrepps. Fyrirhuguð orkuuppbygging spillir því góða starfi þar sem mikil náttúruspjöll yrðu þá unnin með samþykki sveitastjórnar. Framtíð í atvinnuuppbyggingu sem byggir á sérstöðu svæðisins er mun bjartari en sú sem byggir á eyðileggingu hennar. Aukin orkuvinnsla mun ekki leiða til varanlegrar jákvæða áhrif á atvinnu og verðmætasköpun en gæti hafa afar neikvæð áhrif á ímynd sveitarinnar og þar með viðhorf ferðamanna og afkomu ferðaþjónustu þegar til lengri tíma er litið.

Þá bendir stjórn Landverndar á að skv. skipulagslögum eru skipulagsbreytingar sveitarfélaga stefnumótandi fyrir þau. Sú ákvörðun að setja orkuuppbyggingu inn á skipulag lýsir því vilja sveitarfélagsins um að vindorkuver og vatnsaflsvirkjanir verði byggðar.

### Sértækar athugasemdir

Sum staðar er talað um skipulag 2020-2032 og annars staðar 2019-2031. Þetta þarf að laga.

5.14 – Svo er að skilja að bíða eigi með endurheimt votlendis þar til niðurstöður fást í hversu mikil losun er frá þeim. Staðreyndi er sú að endurheimt votlendis á svæðum sem ekki eru nýtt til matvælaframleiðslu eða til að vernda mannvirki hefur afar jákvæð umhverfisáhrif, dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðlar að lífbreytileika. Rannsóknir um þetta eru ótvíræðar.

5.6. Stjórn Landverndar telur gríðarlega mikilvægt að sveitafélagið standi vörð um þá alþjóðlegu viðurkenningu sem Katla jarðvangur og Vatnajökulspjóðgarður hafa hlotið. Kveða mætti sterkar að orði í almennum ákvæðum þannig að setningin „*Stefnt skal að því að viðhalda UNESCO vottunum Kötlu jarðvangs og Vatnajökulspjóðgarðs*“ verði til dæmis: „*Ekki verður farið í neinar framkvæmdir eða aðgerðir sem stefna UNESCO vottunum Kötlu jarðvangs og Vatnajökulspjóðgarðs í hættu.*“

Þá er mikilvægt að tiltaka að innan Vatnajökulspjóðgarðs er uppbygging áningar- og ferðamannastaða háð stjórnunar- og verndaráætlunum þjóðgarðsins til dæmis við Langasjó.

6.2.6. Næg orka er til fyrir orkuskiptin og ekki verður séð að orkuöryggi sé ekki til staðar í Skaftárhreppi. Sveitastjórnin er hvött til að láta af fullyrðingum um annað. Undarlegt er að í greinagerð og umhverfisskýrslu hefur verið strikað yfir sanna fullyrðingu um að næg orka sé til fyrir orkuskiptin. Stjórn Landverndar spyr hvort það sé verkfræðistofan eða sveitafélagið sem hafi viljað strika þá setninguna út.

*Kaflar 7.1 og 7.2 – Orðalagið „tekið sé tillit til“ náttúrunnar er mjög metnaðarlaust sérstaklega í sveitafélagi þar sem gríðarlega mikið af óspilltri og verðmætri náttúru er að finna og stærsta atvinnugrein sveitafélagsins, ferðaþjónustan, byggir á henni. Stjórn Landverndar leggur til að þessu verði breytt á þann veg að „náttúru, landslagi og víðernum verði ekki spillt nema aðrir brýnir samfélagshagsmunir séu í húfi“.*

7.3.3. Í kaflanum er að finna góð almenn ákvæði um loftslagsmál þó taka verði fyrir fleiri atriði eins og landbúnað og úrgang.

Hverfisvernd – vernda þarf allt Skaftárhraun, sem er einstakt og stærsta hraun sem runnið hefur á sögulegum tíma.

8.1 Tilgangur með uppbyggingu orkuframleiðslu á svæðinu er óljós þar sem tengingar í Skaftárhreppi við almenna raforkuferið eru afar góðar. Ekki er þörf á frekari orkuuppbyggingu vegna orkuskipta og sveitastjórn hefur ekki svarað því hverju þetta sætir.

8.3 Ekki má líta framhjá því að áhrif vindorkuvera á jarðminjar, gróður og jarðveg eru gríðarleg þar sem landsvæði undir myllunum er alveg skipt út. Auk þess fylgir uppbyggingu vindorku mikil efnistaka sem raskar jarðminjum og landslagi enn frekar. Þannig verða umhverfisáhrif vindorkuvera óafturkræf í óspilltri náttúru Íslands þrátt fyrir að hægt sé að taka orkuverið niður að líftíma þess loknum. Í kaflanum kemur fram sá skilningur að mat á umhverfisáhrifum sé eingöngu til að meta valkosti og mótvægisáðgerðir. Mat á umhverfisáhrifum ber að leggja til grundvallar við ákvarðanatöku um framkvæmdaleyfi. Þessu verður að breyta í greinagerð/umhverfisskýrslu. Í almennum ákvæðum er ofuráhersla á verkfræðilega útfærslu vindorkuveranna en forgangsröðun með hliðsjón af verndun náttúru, lífríkis og velsældar íbúa skortir.

8.4 Efnistaka og efnislosun hefur yfirleitt í för með sér óafturkræft rask. Ekki er getið um þetta í kaflanum og náttúruvernd sniðgengin í þessum kafla. Sérstaklega er umhugsunarvert að alltaf eigi að uppfylla sk. „þörf“ fyrir efni. Eftirspurn eftir ódýrum jarðefnum getur verið óendanleg, en efnistökusvæði eru takmörkuð. Þess vegna gildir að fara vel með efni og huga að endurnýtingu efna og mengunarbótareglunni þegar það á við.

9.6 Ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana tóku gildi í september sl. Hvers vegna telur Skaftárhreppur ekki að hann skuli vinna að heimsmarkmiði 15 um líf á landi? Svo stórt sveitafélag með fjölbreytt fugla- og plöntulíf ætti að taka það til sérstakrar umfjöllunar.

### Virkjun í Skaftárdal og Hverfisfljóti

Kaflar 9.7.4 og 9.7.5. Landvernd hafnar algjörlega niðurstöðum umhverfisskýrslu um rennslisvirkjun í Skaftárdal. Sérstaklega er ótrúverðugt sú niðurstaða að virkjun á þessum stað hafi óveruleg áhrif á landslag og ásýnd. Þá áréttar Landvernd að opinberir aðilar eins og sveitafélög eiga að sjá sóma sinn í því að taka ekki þátt í undanbrögðum virkjanaaðila sem vilja komast hjá mati rammaáætlunar með því að byggja virkjanir rétt undir viðmiðunarmörkum um afl virkjunar. Landvernd minnir á að aðalskipulag er stefna sveitarfélagsins og með því að taka virkjunina inn á aðalskipulag er bygging hennar orðin að stefnu þess.

Stjórn Landverndar lýsir furðu á ákvörðun Skaftárhrepps að halda til streitu breytingum á aðalskipulagi sveitafélagsins vegna Hnútu virkjunar þrátt fyrir mjög neikvæða niðurstöðu Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif virkjunarinnar og margar neikvæðar umsagnir um fyrirætlanirnar frá náttúruverndarsamtökum og íbúum. Þá er misræmi á milli kafla vinnslutillögunnar. Á bls. 66 er talað um allt að 40 MW virkjun en í kafla 9.7.5. um 9,3 MW virkjun. Sveitastjórn verður að skýra þetta misræmi og gera skýra sýn hennar á orkuvinnslu á þessu einstaka svæði.

Ástæða er til að ítreka umsögn Landverndar um breytingu á aðalskipulagi vegna Hnútu virkjunar frá því 30. júní 2021 en hún er hér í viðhengi. Einnig er þarft að ítreka ályktun aðalfundar Landverndar 2021 gegn Hnútu virkjun í Hverfisfljóti. Í ályktuninni segir meðal annars:

*“...skorar aðalfundur Landverndar á sveitarstjórn Skaftárhrepps að standa undir ríkri ábyrgð sinni gagnvart verndun náttúruminna sem fátíðar eru í heiminum, sem og gagnvart rétti komandi kynslóða til að njóta þeirra, og láta hin fráleitu áform niður falla.”*

Ályktunina í heild má lesa [hér](#).



Virkjun Hverfisfljóts myndi spilla víðernum á stóru svæði, þ.m.t. innan Vatnajökulsþjóðgarðs, sem og innan hálendismarka. Núpahraun og Skaftáreldahraun njóta þar að auki sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Álit Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum (3.júlí 2020) vegna virkjunar í Hverfisfljóti er afdráttarlaus, en framkvæmdin fær mjög neikvæða umsögn. Skipulagsstofnun telur að ekki hafi verið sýnt fram á brýna nauðsyn með framkvæmdinni eða almannahagsmuni eins og 61. gr. náttúruverndarlaga kveður á um. Skaftáreldahraun hefur mikla sérstöðu og bendir Skipulagsstofnun á að gera verði nákvæmlega grein fyrir brýnum almannahagsmunum ef réttlæta á rask á svo einstökum náttúruundrum. Hið sama má segja um virkjun í Skaftárdal.

Stjórn Landverndar er boðin og búin að hitta sveitarstjórn og ræða ofangreind atriði.

*Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri